

Sþ.

140. Tillaga til þingsályktunar

[94. mál]

um kaup sildarleitarskipa.

Flm.: Jón Skaftason, Ingvar Gíslason, Eysteinn Jónsson,
Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða nú þegar að kaupa eða láta smíða a. m. k. tvö vel útbúin sildarleitarskip til þess að annast sildarleit allan ársins hring umhverfis landið. Enn fremur að efla fjárhag sildarleitarinnar, svo að unnt verði að taka leitarskip á leigu yfir mesta annatímamann á sumar- og haustsildveiðum.

Greinargerð.

Nú má telja, að örugg vitneskja sé fengin fyrir því, að síldin haldi sig á miðunum umhverfis landið árið um kring. Mikið riður á að afla sem mestrar vitneskju um göngu hennar og hvar hún hefst við á hverjum árstíma.

Í þessu skyni hefur skipulögð sildarleit verið stunduð hér við land á vegum sjávarútvegsmálaráðuneytisins í rúman áratug. Alþjóð er kunnur hinn mikli árangur, sem náðst hefur í þessum efnum, og er ekki ofmælt, þótt fullyrt sé, að sildarleitinni megi að verulegu leyti þakka þann mikla sildarafla, sem borizt hefur á land síðustu árin og nemur nú um helming heildaraflans.

Þrátt fyrir þessa staðreynd hefur af hálfu hins opinbera ekki verið nægilega vel búið að þessari starfsemi þau 11 árin, sem hún hefur verið stunduð. Má þar til nefna, að leitin hefur ávallt þurft að notast við misvel útbúin leiguskip frá ári til árs, sem oft hefur reynzt erfitt að útvega og búa góðum leitartækjum.

Við svo búið má ekki lengur standa, ef stórtjón á ekki af að hljóta fyrir þjóðina.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórnin ákveði strax að láta smíða tvö vel útbúin sildarleitarskip eða kaupi til þessarar starfsemi hentug skip, sem búið er að smíða.

Reynslan hefur sýnt, að hin svonefndu 250 lesta austurþýzku stálskip henta að flestu leyti vel til sildarleitar vegna góðrar sjóhæfni, hæfilegrar stærðar og hóflegs rekstrarkostnaðar. Telja kunnáttumenn á sviði sildarleitar, að ef ríkið keypti tvö þessara skipa og byggi þau hinum beztu leitartækjum, væri stórt skref stigið til eflingar sildarleitinni og þar með sildarútveginum.

Þótt tvö vel útbúin skip mundu þannig verða til mikilla hagsbóta, er ljóst, að enn sem fyrr yrði að styðjast við leiguskip til viðbótar yfir háannatímamann, þegar síldveiði er stunduð á mörgum stöðum samtímis allt í kringum landið og mikillar leitar er þörf.